

greiðslur í sambandi við saltfisksölur þær, er í máli þessu greinir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að gera ríkissjóði að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 2 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 2 500.00.

Miðvikudaginn 18. nóvember 1953.

Nr. 73/1952. **Sveinn Bjarnason** (Ragnar Jónsson)

gegn

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs kaupstaðarins og Útgerðarfélagi Akureyringa h/f.

(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Um atkvæðisrétt bæjarsjóðs og hafnarsjóðs í hlutafélagi.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið bæjarfógetafulltrúi Kristján Jónsson sem setudómari og samdómsmennirnir Elías Tómasson bankafulltrúi og Bjarni Halldórsson skrifstofustjóri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1952 og gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að dæmt verði óheimilt gagnvart áfrýjanda sem hluthafa í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, að farið sé með á fundum félagsins meira en $\frac{1}{5}$ hluta heildaratkvæða

í félaginu vegna samanlagðrar hlutafjäreignar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar.

Varakrafa: Að dæmd verði ógild gagnvart áfrýjanda sú ráðstöfun bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar að skrá á nafn hafnarsjóðs Akureyrar hlutbréf í fyrrgreindu félagi að fjárhæð kr. 300 000.00.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 15. gr. laga um bæjarstjórn á Akureyri nr. 22/1883, sbr. 9. gr. laga nr. 65/1917, ræður bæjarstjórn kaupstaðarins hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt hafnarlögum. Þau ákvæði hafnarlaga, sem hér að lúta, eru nú í 6. gr. laga um hafnargerðir og lendingabætur nr. 29/1946, en þar segir svo:

„Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.“

Í hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað nr. 230/1950, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1946, er kveðið svo á í 2. gr., að bæjarstjórn Akureyrar hafi á hendi stjórn hafnar-málefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins, en hafnarnefndin annist framkvæmd hafnarmála, fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Í bæjarstjórnarsamþykkt Akureyrar nr. 88/1946 eru fyrir-mæli um skipun og vald hafnarnefndar. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar er hafnarnefnd ein þeirra fastanefnda, sem bæjarstjórnin skal kjósa í febrúarmánuði ár hvert til eins árs í senn. Bæjarstjóri er samkvæmt 9. gr. sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Í samþykktinni er hafnarnefnd ekki mælt nein sérstaða fram yfir aðrar nefndir, er bæjarstjórn kýs, og eru gerðir hennar og ályktanir háðar yfirráðum bæjarstjórnar, sbr.

fyrirnefnd ákvæði 6. gr. laga nr. 29/1946 og 2. gr. hafnarreglugerðar nr. 230/1950. Getur bæjarstjórnin samkvæmt 5. tölulíði 2. gr. bæjarstjórnarsamþykktarinnar tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borðið, og samkvæmt 2. mgr. 4. gr. er bæjarstjórn heimilt að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd hafi það til meðferðar. Þá úrskurðar og bæjarstjórn samkvæmt 25. gr. samþykktarinnar ársreikninga hafnarsjóðs.

Eins og hér hefur verið rakið, eru hafnarmálefni Akureyrar eitt af bæjarmálefnum kaupstaðarins og lúta valdi bæjarstjórnar. Að vísu er gerð með 7. gr. laga nr. 29/1946 sú takmörkun á valdi bæjarstjórnar yfir hafnarsjóði, að eignum sjóðsins má einungis verja í þágu hafnarinnar, en eins og yfirráðum bæjarstjórnarinnar yfir hafnarsjóði er að öðru leyti háttað, svo sem lýst hefur verið, verður hann ekki talinn sérstæður aðili í hlutafélagi við hlið bæjarstjórnar í merkingu 31. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921. Ber því að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Atkvæðisréttur í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f vegna samanlagðrar hlutafjáreignar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar má ekki fara fram úr $\frac{1}{5}$ hluta heildaratkvæða í félaginu.

Stefndu, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs kaupstaðarins og Útgerðarfélag Akureyringa h/f, greiði in solidum áfrýjanda, Sveini Bjarnasyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 2. apríl 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. marz s.l., hefur stefnandi, Sveinn Bjarnason framfærslufulltrúi, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 14.

sept. 1951, á hendur bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs Akureyrar og hafnarsjóðs Akureyrar og einnig á hendur Útgerðarfélagi Akureyringa h/f. Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs sé óheimilt að fara með meira en $\frac{1}{4}$ hluta heildaratkvæða í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f vegna hlutafjäreignar beggja sjóðanna í nefndu hlutafélagi.

Til vara krefst stefnandi þess, að dæmd verði ógild gagnvart sér sú ráðstöfun bæjarstjórnar Akureyrar að skrá á nafn hafnarsjóðs Akureyrar hlutabréf að upphæð kr. 300.000.00 í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f.

Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi hinna stefndu in solidum eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefndu er aðallega krafizt frávísunar, en til vara sýknu og í báðum tilfellum málskostnaðar úr hendi stefnanda. Með úrskurði, upp-
kveðnum 22. okt. 1951, vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu, þar eð hann hafði átt sæti í bæjarstjórn á árunum 1946—50. Með bréfi dóms-
málaráðuneytisins, dags. 23. nóv. s.l., var Kristján Jónsson cand. jur. skipaður setudómari í málinu. Kvaddi hann með sér sem samdómendur þá Elías Tómasson bankafulltrúa og Bjarna Halldórsson skrifstofustjóra, þar eð hinir reglulegu sjó- og verzlunardómsmenn voru allir við málið riðnir. Frávísunarkröfu stefndu var með úrskurði, upp-
kveðnum 1. febrúar s.l., hrundið.

Málavextir eru þessir:

Útgerðarfélag Akureyringa h/f, Akureyri, var stofnað á árunum 1945—46 með þátttöku mikils fjölda bæjarbúa. Allt frá stofnun félagsins var stefnandi einn af hluthöfunum og nam hlutur hans kr. 1000.00. Tilgangur félagsins var að reka útgerð frá Akureyri og hefur félagið nú eignast þrjá botnvörpunga.

Samkvæmt stofnsamningi, dags. 26. maí 1945, skyldi hlutafé vera allt að kr. 800.000.00, en var síðan hækkað eftir því sem togaræign félagsins jókst, fyrst upp í eina og hálf milljón króna, en síðan í tvær og hálf milljón kr., en þar af munu vera óseld hlutabréf fyrir sem næst 250 þús. króna. Frá stofnun félagsins hefur bæjarsjóður Akureyrar átt hluta í því. Nam hlutabréfaeign hans í fyrstu 135 þúsundum, en hefur síðan farið vaxandi og nemur nú 850 þús. kr.

Á bæjarstjórnarfundi þann 7. des. 1948 er samþykkt, að bærinn kaupi 50% af hlutafjárupphæð Útgerðarfélags Akureyringa og verði 20% hlutafjárins skrásett hjá bæjarsjóði, en 20% hjá hafnarsjóði. Nam þá heildarhlutafé Útgerðarfélagsins einni og hálfri milljón króna og kom þá kr. 300.000 á nafn bæjarsjóðs, en afgangurinn, 10%, til bæjarsjóðs.

Þann 20. júní 1949 tilnefnir hafnarnefnd mann til þess að fara með atkvæði hafnarsjóðs á aðalfundi Útgerðarfélags Akureyringa, sem haldinn skyldi þann 21. s. m.

Á þessum aðalfundi hreyfði stefnandi andmælum gegn því, að bæjar-
sjóður og hafnarsjóður, hvor um sig, neytti sjálfstæðs atkvæðaréttar, en fundarstjóri tók það ekki til greina. Eftir þennan aðalfund ritar stefnandi

Útgerðarfélagi Akureyringa bréf, þar sem hann óskar eftir því, að stjórn útgerðarfélagsins fái úr því skorið með dómi, hvort hafnarsjóður Akureyrar geti talizt löglegur hluthafi í félaginu og geti farið með atkvæðisrétt á fundum samsvarandi því hlutfé, sem höfnin sé talin eiga í félaginu. Stjórn félagsins svarar þessu bréfi stefnanda á þá leið, að hún hafi samkvæmt ósk bæjarstjórnar gefið umrædd hlutabréf út á nafn hafnarsjóðs, án nokkurrar athugasemdar um fullan rétt til atkvæða. Telji hún því ekki nú ástæðu til að gera neinar ráðstafanir til þess að takmarka þennan rétt bréfanna.

Á aðalfundi Útgerðarfélags Akureyringa h.f., er haldinn var 15. júní 1950, gerði stefnandi, eftir að lagðir höfðu verið fram tveir listar, sem merktir voru A og B, fyrirspurn um það, hvort atkvæði hafnarsjóðs Akureyrar við atkvæðagreiðslu á fundinum yrðu metin gild. Óskaði hann úrskurðar fundarstjóra um það atriði. Taldi hann það koma í bága við hlutfélagslögin, að bærinn og hafnarsjóður gætu farið með 40% atkvæða, því að skýrt væri fram tekið í lögnum, að enginn hluthafi mætti fara með meira en 20% atkvæða, en á bæinn og hafnarsjóð liti hann sem einn og sama aðilja.

Úrskurður fundarstjóra var á þá leið, að frá upphafi hefði bæjarstjóri eingöngu farið með atkvæði bæjarsjóðs á fundum félagsins, en hafnarnefnd falið einhverjum nefndarmanna sinna að fara með atkvæði hafnarsjóðs. Höfnin hefði algerlega aðskilinn fjárhag frá bænum og bæri því hafnarsjóði óskertur atkvæðisréttur fyrir allt hlutfé sjóðsins á fundum félagsins. Þann 11. sept. 1950 höfðaði stefnandi mál fyrir bæjarþingi Akureyrar til ógildingar úrskurði fundarstjóra um atkvæðisrétt hafnarsjóðs á aðalfundi og stjórnarkosningu, sem fram fór þá, en úrslit hennar taldi hann hafa oltið á atkvæðamagni hafnarinnar. Máli þessu var vísað frá dómi, sökum þess að það hafði ekki verið lagt til sátta. Aðalfund félagsins, sem haldinn var 9. júní 1951, gat stefnandi ekki sótt sökum veikinda og hafðist því ekkert að fyrr en hann höfðaði mál þetta, eins og fyrr segir með stefnu útgefni 14. sept. s.l.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á þeim rökum, að bæjarsjóður og hafnarsjóður séu í rauninni einn og sami aðilinn og eigi því atkvæðisréttur þeirra í félaginu að miðast við samanlagða hlutfjáreign beggja sjóðanna, en við það myndi atkvæðisréttur þeirra minnka frá því sem nú er, að því er atkvæðum hafnarsjóðs nemur, þar sem bæjarsjóður einn á nú meira en $\frac{1}{2}$ hluta alls hlutfjárins í útgerðarfélaginu. Að sama skapi mun atkvæðisréttur allra annarra hluthafa aukast. Bæjarsjóður og hafnarsjóður njóti því nú atkvæðisréttar um of á kostnað stefnanda og annarra hluthafa. Að álitu stefnanda hefur þetta úrslitaáhrif á stjórnarkosningu í félaginu.

Ennfremur heldur stefnandi því fram, að bæjarsjóður og hafnarsjóður geti ekki, fremur en t. d. stofnsjóður og varasjóður innan sama kaupfélags, verið sérstakir hluthafar með sjálfstæðum atkvæðisrétti innan hlutfélags, þar sem eigandi sjóðanna er einn og hinn sami, þ. e. Akur-

eyrarkaupstaður, og forráðamenn kaupstaðarins, bæjarstjórnin, hefur á hendi umsjón og stjórn beggja sjóðanna. Auk þess sem bæjarsjóður ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að hér sé um ógilda, heimildarlausa málamyndaráðstöfun að ræða, þar sem óheimilt sé að lögum að verja fé hafnarsjóðs til annars en beinna þarfa hafnarinnar.

Stefndu halda því hins vegar fram, að Akureyrarhöfn sé stofnun að lögum, sem geti átt rétt og borið skyldur og komið fram sem sjálfstæður aðili í viðskiptum. Hafnarsjóður Akureyrar hafi að lögum aðskilinn fjárhag frá Akureyrarbæ og sérstök nefnd, „hafnarnefnd Akureyrar“, annist fjárhald hafnarinnar og reikningsskil hafnarsjóðs. Hlutabréf þau, sem hér um ræðir, voru keypt og gefin út á nafn hafnarsjóðs þann 14. júní 1949. Með atkvæði þessara hlutabréfa fari því hafnarnefnd samkvæmt því umboði, sem henni er falið með lögum og reglugerð til að annast fjárhald hafnarinnar.

Svo sem nú hefur verið frá sagt, heldur stefnandi því fram, að bæjarsjóður og hafnarsjóður séu í rauninni einn og sami aðilinn, þar sem Akureyrarbær sé eigandi beggja sjóðanna og forráðamenn bæjarins, bæjarstjórnin, hefur á hendi umsjón og stjórn þeirra beggja og auk þess beri bæjarsjóður ábyrgð á skuldbindingu hafnarsjóðs.

Í sambandi við þessa staðhæfingu stefnanda skulu nú teknar til athugunar þær reglur, sem gilda um Akureyrarhöfn samkvæmt núgildandi lögum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 og hafnarreglugerð frá 1950.

Samkvæmt 1. grein greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi, til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Samkvæmt 2. gr. A-lið greiðir ríkissjóður 2% hluta af kostnaði við hafnargerð á Akureyri. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán til greiðslu á % af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir.

Samkvæmt 3. gr. er skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir. Samkvæmt 6., 7. og 8. gr. hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja manna nefnd. Eignum hafnar- og lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarstjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins. Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða lendingar-

bótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fsteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Ennfremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmdir mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til þess að koma þeim í framkvæmd.

Í 9. gr. segir svo: Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs reksturskostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina og lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn affli, sem þau leggja á land. Ennfremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Samkvæmt 11., 12., og 13. gr. skal senda samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. Séu í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins sé fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs. Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins. Hafa nú hér verið raktar helztu reglur, sem gilda um hafnargerðir og lendingarbætur samkvæmt lögum nr. 29 frá 23. apríl 1946.

Samkvæmt 2. kafla hafnarreglugerðar fyrir Akureyrarkaupstað hefur bæjarstjórn Akureyrar á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil f. h. bæjarstjórnar. Samkvæmt þessu er yfirráðaréttur bæjarstjórnar Akureyrar yfir höfninni mjög takmarkaður að lögum og lagður að nokkru í hendur ríkisvaldsins. Akureyrarhöfn er sem aðrar aðalhafnir landsins þýðingarmikill liður í samgöngukerfi landsins. Hún hefur því almennu hlutverki að gegna, sem er víðtækara en svo, að það sé bundið við Akureyrarkaupstað einan, enda tilorðin fyrir atbeina ríkisvaldsins og opin öllum til afnota, sem hlýta reglum þeim, sem um hana gilda. Hafnarsjóður og bæjarsjóður hafa að lögum algerlega aðskilinn fjárhag og byggja tilvist sína á tveim algerlega óskildum tekjustofnum. Eins og áður segir, eru hafnarsjóði með lögum tryggðar tekjur til þess að standast kostnað með hafnargerðina og til reksturs hafnarinnar. Ákvörðunin um upphæð hafnargjalda er í höndum atvinnumálaráðuneytisins og hafnarnefndar, en ekki bæjarstjórnar Akureyrar. Frá bæjarsjóði Akureyrar hefur höfnin engar fastar tekjur.

Alkunnugt er, að bæði í reikningum Akureyrarkaupstaðar og fasteigna-

mati er Akureyrarhöfn eða hafnarsjóður talinn eigandi að eignum hafnarinnar og greiðir af þeim öll opinber gjöld.

Þegar lítið er til alls þessa, sem að framan er sagt, verður ekki annað séð, en að hafnarsjóð Akureyrar beri að skoða sem sjálfstæða lögpersónu, sem eigi rétt og beri skyldur. Niðurstaða málsins verður því sú, að skoða ber hafnarsjóð Akureyrar sem sjálfstæðan hluthafa í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f og beri honum því óskertur atkvæðisréttur í félaginu fyrir hlutfé sitt að því marki, sem lög leyfa.

Ber því að sýkna stefndu af aðalkröfum stefnanda í máli þessu. Varðandi varakröfu stefnanda, lítur rétturinn svo á, að sannanir bresti fyrir því, að um málamyndagerning hafi verið að ræða, svo sem stefndan heldur fram. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að atvinnumálaráðuneytið hafi gert neinara athugasemdir við reikninga hafnarsjóðs, síðan kaup á hlutabréfunum fóru fram, og verður því að telja, að ráðuneytið hafi fyrir sitt leyti fallið á þá ráðstöfun. Af framangreindum ástæðum verður varakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð :

Stefndu, Bæjarstjórn Akureyrar og Útgerðarfélag Akureyringa h/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1953.

Nr. 61/1952. **Skipaútgærd ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns

(Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952, krefst þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.